

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið
2013 - 2014

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2013-2014.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu atburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja. Starfsárið 2013-2014 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Davíð Smári Hlynsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnór Arnórsson

Meðstjórnandi: Halldór Ingi Guðnason.

Varamenn í stjórn: Eyþór Þórðarson og Óðinn Benónýson.

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 18 stjórnarfundir, 3 félagsfundir og 1 húsfund með Skátafélaginu Faxa. Þetta starfsár er búið að nokkuð rólegt útkallslega séð en sjaldan hafa verið eins margir stjórnarfundir og þetta starfsár, aðallega vegna bíla og húsamálum.

Á þessu starfsári var Lundi 2 seldur en enginn bíll keyptur í staðinn, var það gert vegna mikilla bilana í bílnum frá því við fengum hann, sem og að hann var kominn á tíma.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipsins Þórs var tryggður þetta starfsárið en á þessu ári var undirritaður samningur um aukna fjármuni til SL frá ríkinu til viðhalds og endurnýjunar á bátum félagsins, sem koma til með að skila sér til sveita innan SL 2014. En á þessu ári varð breyting á framlagi SL til Björgunarbátasjóðsins þar sem að framlagið var skorið niður. Þetta gerir rekstur bátsins mun þyngri og verða menn að bregðast við með því að finna aðrar tekjur fyrir sjóðinn. Á síðasta aðalfundi var samþykkt 1 milljón kr. framlag frá BV til BBS.

Sex stjórnarmenn tóku þátt í fulltrúaráðsfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík við Flugvallarveg, fundurinn var fróðlegur í alla staði.

Björgun var haldin þetta árið á Grand Hótel í Reykjavík. Nokkrir fóru frá okkur á ráðstefnuna þetta árið og fræddust þau um hin ýmsu málefni og tóku svo keilumót Björgunarfélags Vestmannaeyja um kvöldið.

Sex manna hópur fór frá okkur á þremur bílum í hálandisgæslu í Landmannalaugum þetta árið. Eitthvað var af bilunum í Lunda 1 eftir ferðalagið, en búið er að panta viku komandi sumar á sama stað 12-19 Júlí. Þeir sem hafa áhuga á að koma með hafi samband við Arnór.



Í haust urðu starfsmannskipti hjá okkur en þá tók Bjarni Benedikt við starfi Adolfs sem starfsmaður BV. Þökkum við Adolfi fyrir gott starf undanfarin 17 ár. En nú hefur komið í ljós að Bjarni lætur af störfum með vorinu.

Nokkuð hefur verið um fundi hjá almannavarnanefnd, og þá aðallega vegna vinnu við aðgerðaráætlun fyrir ferjuslys og er þessi vinna langt komin og hefur verið haldin skrifborðsæfing til að prufukeyra áætlunina.

Flugslysaæfing var haldin þetta árið og voru menn mis ánægðir með hana en upp komu mál sem er gott að komi fram í æfingu en ekki í raunveruleikanum. Æfingin var nokkuð vel sótt af okkar mannskap og stóðu þau sig með stakri þryði

Ekkert var gert þetta árið á 112 deginum, enda var hann á virkum degi þetta árið.

Á þessu starfsári voru í heildina 20 útköll og er það í meira lagi miðað við undanfarin ár.

Þetta starfsárið voru nokkur löng útköll á b.b Þór með tilheyrandi olíukostnaði, en að öðru leiti var ekki mikil notkun á Þór þetta árið.

Enn einu sinni var reynt að fara af stað með verkefni sem snýr að endurbótum á Faxastíg 38 í samstarfi við Skátafélagið Faxe, allar teikningar eru klárar en nú vantar einungis herslumuninn til að geta farið að byrja. Og vonast er eftir að verkefnið verði klárað fyrir haustið.

Á þessu starfsári fóru félagsmenn frá okkur á fagnámskeið í fjallabjörgun, leiðbeinendanámskeið í fyrstu hjálp, straumvatnsbjörgunarnámskeið, grunnnámskeið í aðgerðarstjórnun og einn fór á fagnámskeið í aðgerðarstjórnun. Einnig voru félagsmenn duglegir við að sækja styttri námskeið en eitthvað vantar upp á það að eldri félagar sækji sér endurmenntun.

Í vor kom upp sú hugmynd að byrja með starf fyrir nýliða félagsins sem eru 25 ára og eldri. 10 manns mættu á kynningarfundinn og hefur þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í þessu starfi bara fjölgað. Bíðum við spennt eftir að þessi hópur verði fullgildur á árshátíðinni í haust, þar sem mikið hefur vantað upp á fólk á þessum aldri í félagið.

Stjórnin þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem liðið er og vonast eftir áframhaldandi góðu starfi.



Útköll og verkefni.

10.05.2012

F3-Grænn. Sjúkraflutningur, Við beðin um að hafa Lunda 1 kláran í sjúkraflutning á meðan sjúkrabíll fer með sjúkling með Herjólfí. Afturkallað stuttu síðar þar sem ekki fékkst leyfi til að flytja sjúkling með Herjólfí í bílnum.

13.05.2012 kl 20:36

F2 Gulur- Óveðursaðstoð-umb. Af lögreglu- þakplötur að fjúka af prófastinum bakatil.

18.05.2012 kl 21:38

F1 Rauður – Bátur með fast í skrúfu- 10 manns um borð- rekur að landi- skarðsmýrarfjara-umb. Af LHG –Kristbjörg VE – Afturkallað áður en við komum á staðinn.

24.5.2012 kl 11:52

F1 Rauður- Slys við Dyrhólaey – 1 slasaður í sjálfheldu- Þarf sigmenn- Afturkallað áður en við komum á staðinn.

11.6.2012 kl 17:50

F3 grænn- Fjallabjörgun- lamb fast í kaplagjótu.

20.06.2012 kl 12:19

F1 Rauður- Sjóslýs-umb. Af lhg- skuta vélarvana með rifin segl. Komnir að skútu þegar hún afþakkaði aðstoð vorum komnir í land um kl 18:00 B.S Ingibjörg frá Höfn einnig kölluð út

19.07.2012 kl 11:03

F1 Rauður- Eldur í bát austan við eyjar- 7 manns um borð, B.S Oddur V. Gíslason og Slökkvilið Vestmannaeyja einnig boðaðir.

04.08.2012 kl 16:45

F2 gulur Fjallaverkefni- Herjólfsdalur- neðan við moldamaður í sjálfheldu- umb af lögreglu

27.08.2012

F2-Gulur. Óveðursaðstoð.

10.09.2012 Kl 11:22

F2 Gulur- Óveðursaðstoð- Stóð yfir allan daginn og var boðað nokkrum sinnum út

30.10.2012 kl 14:28

F2 Gulur --Fastur Bíll í klaufinni

02.11.2012 kl 16:01

F2-Gulur. Óveðursaðstoð- nokkur verkefni yfir daginn.



4.11.2012 kl 01:35

F3 Grænn- Óveður-Klæðning- Boðað út aftur þar sem vantaði bílstjóra.

8.11.2012 kl 21:23

F2 Gulur- Óveður Þak- Kirkjuvegur 59

12.11.2012 kl 08:58

F3 Grænn- Óveður- Brekastígur 20- umb af lögreglu

7.12.2012 kl 16:00

F3 Grænn – Leit af hundi-

27.01.2013 kl 15:51

F2 gulur- Óveðursaðstoð.

17.02.2013 kl 08:26


F2-gulur- Þakplötur að fjúka.

06.03.2013 kl 06:14

F3-Grænn. Óveður - Nokkur verkefni yfir daginn.

08.03.2013 kl 08:36

F3-Óveður-Þakplötur að fjúka.



Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með með þyngra móti þetta starfsárið. Skipt var um fjaðurbúnað, farið var úr hestvagnafjöðrun í nútíma loftpúðafjöðrun. Millikassinn var tekinn í gegn og

farið var í viðhald á drifrás bílsins. Og hinn langbráði stigi var loksins settur á. Einnig var settur símabúnaður í bílinn. Fyrirséð er að við komum til með að eiga þennan bíl í nokkur ár í viðbót.

Rekstur Lunda2 (Hilux) hefur verið með hefðbundnum hætti. Skipt var um öxul sem brotnaði og settur símabúnaður í bílinn. Gert er ráð fyrir að hann verði seldur með haustinu og gefinn sá tími sem þarf til að finna annað ökutæki fyrir hann.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Skipt var um framrúðu í honum. Rekstur þessa bíls hefur margsannað sig undanfarin 7 ár og gert er ráð fyrir að bílnum verði skipt út fyrir annan sambærilegan á árinu.

Rekstur Lunda 4 (Boxer) hefur verið með hefðbundnum hætti. Bíllinn var aðeins tekinn í gegn þegar nýr starfsmaður tók við, sem sýnir að það er ekki sama að vera Jón eða séra Jón. Einnig fauk hurðin á honum upp í einu óveðursútkallinu.

Rekstur Lunda 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, menn eru enn ekki að skilja hvernig við komumst af án lyftara í sjóbúðinni. Fara þarf í smá skveringu á honum.

Göngurall.

Göngurallið var haldið með pompi og prakt í maí og tóku alls 16 manns þátt. Hlutskarpastur í stóru leiðinni varð Ásgeir Guðmundsson en Reynir Valtýsson marði stelpurnar á þeirri litlu. Vert er að geta þess að skipuleggjandi göngurallsins tók hlutverki sínu mjög alvarlega og hætti keppni til þess að geta haft betri umsjón með viðburðinum.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningar á þjóðhátíð eins og undanfarin ár. Sem betur fer tókum við að okkur sunnudagssýninguna að auki þetta árið og heppnuðust þær í heildina vel. gert er ráð fyrir að við verðum eingöngu með laugardagssýninguna í ár.

Gjafir og áheit.

Nokkuð var um gjafir og styrki þetta árið.

Ísfélag Vestmannaeyja styrkti okkur rausnarlega þetta árið eins og svo oft áður. Kiwanisklúbburinn Helgafell afhenti okkur 1,5 milljónir og Eykyndilskonur gáfu okkur 1250 þúsund krónur. Isavia styrkti okkur um 800 þúsund krónur. Einnig fengum við nokkuð af styrkjum og framlögum frá velunnurum félagsins. Kunnum við öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

Neyðarvörusala.


Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Adolf Þórsson og síðan Bjarni Benedikt Kristjánsson, starfmaður Björgunarfélagsins, sáu um söluna í ár. Neyðarvörusalan hefur gengið með ágætum þó alltaf þurfi að vera vakandi til að halda þeim skipum sem við höfum í viðskiptum.

Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel, við vorum að horfa á þó nokkrar hækkanir á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum í hóf. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var mjög góð í söluna sem og fráganginn eftir sölu. Eins og með allar fjáraflanir þá byggjast þær á félagsfólki og góðu skipulagi, þar er félagið vel sett. En mest voru 40 manns í búiðinni að afgreiða.

Neyðarkall.

Salan gekk mjög vel í ár og kláruðust neyðarkallarnir alltof fljótt. Þátttaka félagsmanna í sölunni var góð og einnig var ljóst að hægt er að selja eitthvað magn af stórum neyðarköllum til fyrirtækja bæjarins. Skiptist ágóðinn í ár á milli félagsins og bátasjóðsins og það er eitthvað sem má kynna fyrir næstu sölu.



Faxastígur

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár. Fyrirséð er lagfæring á aðstöðu þeirra í kjallaranum.

Sjóbúðin

Eins og á Faxastígnum hefur umgengnin um húsið og þurralla félagsins ekki verið góð og er nú svo komið að megnið af nýju göllunum lekur. Greinilegt er að við sem félag þurfum að fara í naflaskoðun hvað umgengni varðar.

Heimasíða 1918.is

Litlu hefur verið bætt inn á síðuna undanfarið ár fyrir utan einstaka fréttir. En nú er vinna við uppfærslu á síðunni í fullum gangi og er hún í höndum Ármanns Ragnars. Þeir félagar sem eiga myndir úr starfi félagsins í sínum fótum eru vinsamlegast beðnir að koma þeim til okkar svo hægt sé að birta þær á síðunni

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 9-16 meðlimir í kaffi og meðlæti í björgunarmiðstöðinni. Einstaklega vel hefur verið haldið utan um kaffið í vetur. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin/n.


Bátamál.

Harðbotnabátur félagsins, Eykyndill, hefur töluvert verið notaður þetta árið. Eitthvað af tjónum bættist við hann en meðal annars brotnaði stefni bátsins í sumar og hefur því lítið verið notaður í vetur. Það er nú komið í lag og er báturinn orðin nothæfur. B.b Þór stóð fyrir sínu á síðasta starfsári, alveg þangað til draga þurfti Maggý VE til hafnar eftir að eldur kom upp í vélarúmi bátsins. Þá varð greinilegt að fara þurfti í miklar endurbætur á drifbúnaði skipsins. Báturinn er búinn að vera uppi síðan í ágúst, og er búið að taka bátinn mikið í gegn. M.a. skipt um stjórnþúlt, annar hreyfillinn var endurnýjaður, hinn var að miklu leyti endurbyggður, skóflurnar voru skveraðar og soðið í skrúfurnar. Báturinn málaður að utan en smá vinna er eftir í stjórnrymi bátsins og við að mála botninn. Búið er að koma fyrir hitamyndavél á bátnum. Tekin var ákvörðun um það að öll vinna sem færi fram í bátnum væri framkvæmd af félagsfólki. Sú vinna hefur því miður lent á allt of fáum höndum.

Búnaðarmál.

Endurnýjaðar voru hálskragabirgðirnar okkar og slangur af öðrum sjúkrabúnaði var endurnýjaður. Fyrir liggur endurnýjun í klifurbúnaði félagsins.

Eins og undanfarin ár höfum við haft umsjón með Spröngunni og hefur það verk gengið með ágætum.



FYRIR ÁRIÐ 2012-2013

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Lög og reglur minningarsjóðsins eru á heimasíðu félagsins 1918.is

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í Eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.

Sigríður Gísladóttir

Guðný Jensdóttir

Guðný Óskarsdóttir



Nýliðastarf veturinn 2012-2013


Nýliðastarfið hófst með níu einstaklingum innanborðs sem voru að halda áfram á sínu öðru starfsári sem nýliðar. Þarna er á ferð mjög samheldinn hópur sem hefur nú starfað saman í fjögur ár, fyrst í unglिंगadeild og svo í nýliðastarfi. Ásamt þeim hafa fjórir aðrir einstaklingar byrjað í nýliðabjálfun, þar af tveir sem koma úr unglिंगadeildarstarfi.

Með svona stóran og samheldinn hóp hefur einnig verið leitast eftir því að auka námskeiðsframboð. Allir eiga að hafa lokið þjálfunarstiginu Björgunarmaður 1 hjá björgunarskólanum, en ásamt því er boðið upp á að ljúka einnig Björgunarmaður 2. Þegar eldri hópurinn byrjaði höfðu allir í honum lokið Fyrstu hjálp 1, Björgunarmanni í aðgerðum, Ferðamennsku, Fjarskiptum, Rötun og Öryggi við sjó og vötn. Í framhaldinu var svo boðið upp á Fyrstu hjálp 2 og Fjallamennsku 1. Yngri nýliðahópurinn hefur svo lokið Öryggi við sjó og vötn, Fjarskipti, Björgunarmann í aðgerðum og Fyrstu hjálp 1. Sameiginlega fyrir báða hópa voru svo námskeiðin Snjóflóð 1, Tetrafjarskipti, Rústabjörgun og Leitartækni. Á dagskrá í vor eftir aðalfund eru svo námskeiðin Fjallamennska 2, Fjallabjörgun, Áhafnanámskeið björgunarskipa og Slöngubátar 1.

Það er ljóst að nú er að koma inn í félagið mjög hæfur og öflugur hópur sem mun í framtíðinni leiða starf félagsins, og er það innilega okkar von að allir hafi haft jafn gaman af þessu ferli og við umsjónarmenn en það hefur verið heiður að þjálfa upp svo áhugasamt framtíðar björgunarsveitarfólk. Fyrir þessa einstaklinga er starfið aðeins rétt að byrja og nóg að gera þegar horft er fram á veg.

Umsjónarmenn nýliðabjálfunar,
Ármann Ragnar Ægisson og Bjarni Benedikt Kristjánsson

Einnig hefur verið farið af stað með ákveðið tilraunarstarf að fá eldri einstaklinga inn í félagið aðra en þá 16-17 ára sem ganga inn í hið hefðbundna nýliðastarf. Ljóst var að ákveðinn hópur sem ekki hafði tækifæri að ganga inn í Björgunarfélagið á sínum tíma en hefur nú áhuga á að taka þátt í starfinu hafði ekki greiddan kost á að ganga inn í starfið. Því var farið af stað með sérstaka nýliðadagskrá sérsniðna að þörfum þeirra. Haldin var kynningarfundur sem 10 mættu á og hafa margir hverjir í framhaldinu sýnt mikinn áhuga á að starfa áfram með félaginu og greinilegt er að þetta er eitthvað sem koma skal



Unglिंगadeildarstarf veturinn 2012-2013

Með haustinu hófst nýtt ár hjá Unglingadeildinni eins og undanfarin ár. Árgangur '96 færði sig upp í nýliðana og við fengum til okkar krakka fædda '97 og '98. Skýrsluhöfundur bjó í útlöndum þegar þetta hófst allt saman en kom inn í starfið í desember og hefur verið með strákunum síðan þá.

Hópurinn sem hefur verið hjá okkur í vetur hefur verið fámennur en á fundunum hefur mætingin verið frá tveimur og upp í sex sem verður að teljast heldur lítið. Endurnýjunin var einnig lítil sem engin en aðeins einn strákur úr árgangi '98 bættist í hópinn frá því í fyrra. Ég veit ekki hvort krakkarnir í þeim árgangi hafa annað að gera eða hvort starfið hafi ekki fengið næga auglýsingu í skólunum en eitthvað þarf að gera fyrir næsta haust til þess að fá fleiri krakka inn í starfið.


Við höfum þó reynt að nýta fámennið í betri kennslu fyrir hvern og einn og ég held að strákarnir hafi grætt á því. Útivistin og fjallamennskan hefur líklega fengið mest pláss í starfinu þetta árið en einnig hafa strákarnir farið á sjóinn og fengið kennslu í fyrstu hjálp svo eitthvað sé nefnt.

Í desember voru strákarnir með í vinnukvöldi þegar búðin var sett upp fyrir flugeldasöluna og stóðu sig með prýði.

Á dagskránni fyrir sumarið er Landsmót Unglingadeilda sem haldið verður helgina 26.-30. júní í Norðfjarðarsveit. Ég hef sjálfur farið þrisvar á þessi Lands- eða Landshlutamót bæði sem unglingur og umsjónarmaður og ég er handviss um að strákarnir eiga eftir að hafa gaman af því að kynna krökkum úr öðrum sveitum.

Bjartur Týr Ólafsson
Arnór Arnórsson
Ármann Ragnar Ægisson
Gunnar Rafn Ágústsson
Sindri Valtýsson

Úr



Skipsdagbók Björgunarskipis Þórs

9.apríl 2012 Æfingatúr kringum eyjuna.

9.apríl 2012 Túr með U.D Eyjar.

21.Apríl 2012 Æfingatúr.

2. Maí 2012 Æfing Nýliðar, Endurlífgun á ytri höfninni.

18. Maí 2012 Útkall.

24.Maí 2012 Útkall.

20.Júní 2012 Útkall

21.Júní 2012 Æfingatúr. Bara Gjáarar.

19. Júlí 2012 Útkall

Augljóst er að menn hafi ekki skrifað allar hreyfingar á bátnum og viljum við ítreka það við menn að skrifa allar hreyfingar á bátnum, í Skipa- og vélabókina.

